

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Kjartan Óskarsson og Almennar Tryggingar h/f, greiði in solidum stefnanda, Ólafi Markússyni, kr. 1.136.746 með 7% ársvöxtum frá 26. október 1969 til 16. maí 1973 og síðan 9% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags og kr. 171.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbertingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 26. október 1976.

Nr. 54/1975. Vésteinn Lúðvíksson
Sigrún Júlíusdóttir og
Samvinnutryggingar g/t
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
James Bardin Campell og gagnsök
(Örn Clausen hrl.).

Dó m e n d u r:
hæstaréttardómaraarnir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr,
Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. apríl 1975. Eru dómkröfur þeirra þær, að þeim verði aðeins dæmt að greiða gagnáfrýjanda 90.000 krónur.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 24. júní 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér óskipt 4.597.171 krónu með 7% ársvöxtum frá 22. nóvember 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974,

en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Verði eigi á þá vaxtakröfu fallist, krefst hann þess, að vextir af dæmdri fjárhæð verði ákveðnir 7% ársvextir frá 22. nóvember 1972 til 16. maí 1973, en 9% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjendur Vésteinn Lúðvíksson og Sigrún Júlíusdóttir verði dæmd til að greiða sér óskipt fjárhæð þá, er greinir í aðalkröfu, og enn fremur að aðaláfrýjanda Samvinnutryggingum g/t verði dæmt skylt að greiða óskipt með þeim 2.790.000 krónur. Einnig krefst gagnáfrýjandi vaxta af fjárhæðum þessum eins og segir um aðalkröfu. Hann krefst og málskostnaðar óskipt úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þeirra á meðal nýr útreikningur Þóris Bergssonar tryggingastærðfræðings á örorkutjóni gagnáfrýjanda, dags. 19. mars 1976.

Fyrir Hæstarétti hefur gagnáfrýjandi uppi hærri fjárkröfu en hann gerði í héraði. Er ekki efni til að leyfa þá hækkun samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1973.

Aðaláfrýjendur hafa haldið því fram fyrir Hæstarétti, að leggja beri helming sakar vegna árekstrarins á gagnáfrýjanda sjálfan.

Með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms og með skírskotun til 68. gr., 1. og 3. mgr. 69. gr. og 2. mgr. 74. gr. laga nr. 40/1968 þykir mega staðfesta úrlausn hans um fébóta-ábyrgð aðaláfrýjenda á tjóni gagnáfrýjanda.

Þórir Bergsson tryggingastærðfræðingur hefur áætlað að nýju tjón gagnáfrýjanda vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku, svo sem áður var sagt. Er hinn nýi útreikningur gerður á sama hátt og fyrri útreikningur 29. október 1972, en tillit tekið til þess til hækkunar, að laun gagnáfrýjanda hafa hækkað nokkrum sinnum, eftir að sá útreikningur var gerður, og virðast þau hafa verið orðin 408 bandaríkjadalir á viku, þegar örorkutjónið var reiknað að nýju. Einnig er í hinum nýja útreikningi gætt breytinga, sem orðið hafa á kaupgengi bandaríkjadals frá fyrri útreikningi, flestra til hækkunar, svo og hefur verið stuðst við nýjar íslenskar

eftirlifendatöflur. Útreikning sinn reisir tryggingastærðfræðingurinn á tveimur mismunandi forsendum um vexti. Annars vegar reiknar hann með 7% ársvöxtum frá slysdegi til 16. maí 1973, en síðan 9% ársvöxtum til frambúðar. Hins vegar reiknar hann með sömu vöxtum og að framan greinir til 15. júlí 1974, en síðan með 13% ársvöxtum til frambúðar. Örorkutjónið þannig reiknað telst honum vera að verðmæti á slysdegi 283.022 krónur vegna tímabundinnar örorku, hvor aðferðin sem notuð er, en 4.859.497 krónur vegna varanlegrar örorku, ef fyrri aðferðin er notuð, og 3.724.149 krónur, ef beitt er síðari aðferðinni.

Gagnáfrýjandi leggur framangreindan útreikning örorkutjóns til grundvallar fjárhæð dómkröfu sinnar fyrir Hæstarétti. Gerir hann þessa grein fyrir aðalkröfu sinni fyrir Hæstarétti:

1. Tjón vegna tímabundinnar örorku	kr. 283.022
2. Tjón vegna varanlegrar örorku	— 3.724.149
3. Miski	— 800.000

Alls kr. 4.807.171

Frá dregst greiðsla Samvinnutrygginga g/t . . kr. 210.000

Alls kr. 4.597.171

Eins og greint er í héraðsdómi, hóf gagnáfrýjandi störf að nýju 8. janúar 1973. Hefur hann síðan gegnt sama starfi og fyrir slysið. Við mat á varanlegri örorku hans vegna sjónskerðingar er ekki tekið tillit til þess, að hann hefur enn fulla sjón á báðum augum, ef hann notar viðeigandi gleraugu. Ber að hafa þessi atriði í huga, þegar örorkubætur eru ákvæðnar í máli þessu. Enn fremur ber að gæta þess, að aðaláfrýjandi Samvinnutryggingar g/t hefur bætt gagnáfrýjanda að fullu kaupmissi, meðan hann var frá störfum vegna slyssins.

Þegar gætt er þess, sem að framan er greint, þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um heildarbætur til handa gagnáfrýjanda fyrir óbætt tjón hans.

Ákvæði héraðsdóms um vexti er staðfest.

Dæma ber aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 375.000 krónur.

Það athugast, að gagnáfrýjandi rökstuddi ekki fyrir Hæstarétti aðalkröfu sína á hendur aðaláfrýjanda Samvinnutryggingum g/t.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Vésteinn Lúðvíksson, Sigrún Júlíusdóttir og Samvinnutryggingar g/t, greiði gagnáfrýjanda, James Bardin Campell, óskipt 375.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. febrúar 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi mánudaginn 17. febrúar sl., hefur James Bardin Campell, Einarsnesi 12, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 28. febrúar sl., gegn Samvinnutryggingum, Reykjavík, Vésteini Lúðvíkssyni, Blönduhlíð 23, Reykjavík, og Sigrúnu Júlíusdóttur, sama stað, til greiðslu in solidum á skaðabótum samtals að fjárhæð kr. 3.226.916 með 7% ársvöxtum frá 22. nóvember 1972 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu eftir lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefndu eru gerðar þær dómkröfur, að fjárhæð stefnukröfu verði lækkuð mjög verulega og málskostnaður verði látinn falla niður. Stefndu gera kröfu um, að sök verði skipt og allt að helmingur sakar verði lagður á stefnanda.

Við munnlegan málflutning var þess krafist af hálfu stefndu, að sök verði skipt til helminga og fjárhæðir lækkaðar, bæði þess vegna og vegna þess, að tjón sé of hátt metið.

Leitast hefur verið við að setta mál þetta, en án árangurs.

Málavextir virðast vera þeir, að um kl. 0800 miðvikudaginn 22. nóvember 1972 hafi orðið harður árekstur á mótum Miklubrautar

og Kringlumýrarbrautar hér í borg með bifreiðunum R 32264, sem er eign stefnda Vésteins Lúðvíkssonar, en ökumaður í umrætt sinn var stefnda Sigrún Júlíusdóttir, og bifreiðinni J 04474, eign stefnanda, James Campell, og var stefnandi ökumaður í umrætt sinn. Bifreiðinni R 32264 mun hafa verið ekið norður Kringlumýrarbraut og beygt í áttina vestur Miklubraut. Bifreiðinni J 04474 mun hafa verið ekið suður Kringlumýrarbraut, en við áreksturinn hentust bifreiðarnar til hliðar og upp á umferðarreyju á gatnamótunum, þannig að R 32264 sneri í austur, en J 04474 í vestur.

Stefnandi slasaðist við árekstur þennan og hlaut m. a. skerta sjón á vinstra auga, skurði á enni og við augabrúnir og nef.

Samkvæmt framlagðri lögregluskýrslu var veður bjart, myrkur, en góð rafmagnslýsing og færi þurrt. Í lögregluskýrslu segir svo um málavexti: „Þarna hafði orðið mjög harður árekstur með bifreiðunum R 32264, sem mun hafa verið ekið norður Kringlumýrarbraut og beygt í áttina vestur Miklubraut, og J 04474, sem mun hafa verið ekið suður Kringlumýrarbraut, en við áreksturinn munu bifreiðarnar hafa snúist þannig, að framendi á R 32264 sneri til austurs, en J 04474 sneri til vesturs. Þegar við komum á staðinn, var sjúkrabifreið að fara með fólk á slysadeild Borgarsjúkrahússins, og var þá önnur sjúkrabifreið nýfarin með fólk, einnig á slysadeildina.

Í bifreiðinni R 32264 munu hafa verið tveir farþegar, drengur og kona, og voru þau talin ómeidd, en ökumaðurinn mun hafa haft áverka á höfði og í andliti. Í bifreiðinni J 04474 mun hafa verið telpa auk ökumanns, og munu þau bæði hafa hlotið andlitsmeiðsl.

Þegar árekstur þessi varð, var lögreglubifreið við gatnamótin og í henni tveir lögreglumenn, þeir Magnús Ásgeirsson, nr. 103, og Jón Pétursson, nr. 51. Þeir kváðust hafa stöðvað á rauðu umferðarljósi fyrir akstur austur Miklubraut og hefðu þeir verið á hægri akrein, en við hlið þeirra voru bifreiðar, svo þeir sáu ekki, er áreksturinn varð. Þeir kváðust hafa hlúð að hinum slösuðu, bundið um sár þeirra og aðstoðað slökkviliðsmennina við að taka hina slösuðu og setja þá í sjúkrabifreiðarnar.

Sjáanlegar skemmdir á bifreiðunum voru: J 04474 allur mjög mikið skemmdur að framan svo og framrúða brotin og hægri hurð dælduð. R 32264 öll hægri hlið mikið dælduð og framrúða brotin. Bifreiðarnar voru báðar ókufærar eftir áreksturinn, og kom björgunarbifreið frá Vöku á staðinn og flutti J 04474 til geymslu

í flugskýli Helga Jónssonar Reykjavíkurflugvelli, en R 32264 var fluttur til geymslu hjá Vöku“.

Fyrir rannsóknarlögreglu bar stefnandi um málsatvik á þessa leið: „Ég ók suður Kringlumýrarbraut eftir vinstri akrein á 40—45 km. m/v klst. Það var grænt ljós á móti mér, þegar ég kom að gatnamótunum, og ég held, að ég hafi hægt ferðina, a. m. k. geri ég það ávallt þarna, vegna þess hve margir harðir árekstrar hafa orðið þar. Ég ætlaði að halda beint áfram að Hamrahlíð, því ferðinni var heitið út á flugvöll. Ég er alveg viss um, að ég ók með full ökuljós. Ég sá hina bifr. ekki fyrr en hún var beint framundan bifr. minni og aðeins örfáir metrar að henni. Ég man þetta var VW-bifr., hvít að lit. Ég hef kannske reynt að hemla, en hafði ekki neinn tíma til þess, þetta skeði allt með svo skjóttum hætti. Ég man eftir högginu og að ég heyrði vein í lítilli stúlku, síðan ekkert fyrr en allt var um garð gengið. Þá sá ég, að framrúða í bifr. minni var brotin, en svo rann blóð niður eftir andlitinu og blindaði mig. Ég reyndi að opna hurðina, vildi fara út og athuga, hvort fólkíð í hinni bifr. væri meitt, en um leið og ég opnaði var lögregluþj. kominn þar og ýtti mér niður í sætið aftur, sagði, að það blæddi mikið úr mér og að fólkíð í hinni bifr. væri ómeitt.

Svo kom sjúkrabifr. og flutti mig á slysadeild Borgarsjúkrahússins. Þar voru glerbrot hreinsuð úr enninu á mér og teknar röntgenmyndir af höfðinu á mér. Vinstra augað hafði skemmst og var því haft samband við Óla Björn Hannesson, augnskurðlækni á Landakotsspítala, og síðan var ég fluttur þangað. Hann hófst strax handa við að undirbúa uppskurð á auganu, en það hafði komið gat á það og augnvökvinn runnið út.

Miðað við hve illa augað var farið, hefur uppskurðurinn tekist framar öllum vonum, en þó með öllu óvíst, hvort ég fæ sjón á augað aftur. Tíminn einn getur úr því skorið.

Ég hef legið hér á spítalanum síðan slysið átti sér stað, og aðeins lækniurinn getur sagt um, hvenær ég fæ að fara heim.

Hann segir, að ég geti í allra fyrsta lagi hafið vinnu aftur í janúarmánuði n. k., en ef til vill geti það dregist miklum mun lengur, að ég verði vinnufær á ný.

Stjúpdóttir mín, Inga Sigurjónsdóttir, sem var með mér í bifr., skarst í andliti og kjálkabrotnaði á tveimur stöðum. Hún lá a. m. k. 4 daga á Borgarsjúkrahúsinu, en fékk svo að fara heim í umsjá móður sinnar“.

Hér fyrir dómi bar stefnandi, að hann hafi ekki gengist undir plastickirugiskar aðgerðir vegna öra á andliti. Hann vinni enn á sama stað og hann vann á, er hann varð fyrir slysinu, og hafi hann enn sama starf. Núverandi laun hans séu \$ 325 á viku. Stefnandi sagðist ekki greiða skatta til íslenska ríkisins. Ekki greiði hann heldur skatta til Bandaríkjanna, en það sé regla í Bandaríkjunum, að bandarískir ríkisborgarar, sem starfa lengur en 18 mánuði í öðru landi, greiði ekki skatta til Bandaríkjanna.

Stefnandi segist hafa gefið skýrslu fyrir lögreglu, sbr. dskj. nr. 4, þá er hann dvaldist á sjúkrahúsi. Stefnandi taldi uppdráttinn á dskj. nr. 4 réttan. Hann sagðist muna eftir, að fyrir framan hann inni á gatnamótunum hafi verið bifreið, sem ætlaði að taka vinstri beygju þá inn á Miklubraut. Bifreið þessi hafi verið komin það inn á gatnamótin, að hún hafi ekki verið í vegi fyrir bifreið stefnanda, þá er stefnandi ætlaði að aka suður Kringlumýrabraut.

Stefnandi sagðist hafa dvalist hér á landi í 4 ár. Hann sé rafeindatæknifræðingur að menntun. Hann sagðist vera ráðinn til eins árs í senn og sé samningur endurnýjaður árlega. Núgildandi samningur renni út í júní n. k., en stefnandi reiknar með, að samningurinn verði endurnýjaður. Stefnandi er kvæntur íslenskri konu og hefur verið það í þrjú ár. Stefnandi sagðist hafa fengið full laun, frá því hann byrjaði að vinna aftur eftir slysið í janúar 1973. Starf hans sé í því fólgið að lesa af og gefa fyrirmæli í sambandi við siglingafræði. Hann þjálfar og gefi starfsmönnum flota varnarliðsins fyrirmæli í sambandi við notkun rafeindatækja. Jafnframt vinni stefnandi við viðgerðir og viðhald á rafeindatækjum og þjálfar starfsmenn flotans í því. Lockhead Aircraft Corporation á Keflavíkurflugvelli sé verktaki hjá varnarliðinu.

Stefnandi sagði, að eftir slysið fái hann stundum höfuðverk, sérstaklega í sólskini. Einnig þreytist hann fljótt á slasaða auganu. Stefnandi telur það erfitt að venjast gleraugnanotkun, en hann notar gleraugun að staðaldri, taki hann þau ofan og sé gleraugnalaus meira en klukkutíma, þá fái hann höfuðverk.

Stefnandi sagði, að ljósmyndin á dskj. nr. 22 hafi verið tekin um miðjan janúar 1973.

Þá er stefnandi kom fyrir dóm, óskaði dómarrinn eftir því, að stefnandi tæki ofan gleraugun, og kom þá í ljós, að stefnandi hefur ör á milli augabruna, og þau eru miklum mun minna áberandi heldur en á ljósmyndinni á dskj. nr. 22. Þá er stefnandi er með gleraugun, sjást örin ekkert.

Fyrir rannsóknarlögreglu gaf stefnda Sigrún Júlíusdóttir eftirfarandi skýrslu:

„Í umrætt skipti ók ég norður Kringlumýrarbraut og ætlaði að beygja til vinstri vestur Miklubraut. Grænt ljós var búið að vera um stund á móti mér, en er ég var komin yfir gangbrautina og var komin rétt inn á gatnamótin, skipti yfir á gult. Ég tel líklegt, að ég hafi þá verið á 25—30 km hraða. Bíll, sem verið hafði á leið yfir Kringlumýrarbraut, stóð þarna á gatnamótunum og blikkaði stefnuljós til vinstri. Ég beygði til vinstri framan við nefnda bifreið og sá enga bifreið koma frá hægri og vissi ekki fyrri til en ekið var af mjög miklu afli á hægri hlið bifreiðar minnar, og gat ég enga grein gert mér fyrir, hvaðan sú bifreið kom.

Ég var ásamt farþegum í bifreið minni flutt í sjúkrabifreið á slysavarðstofuna. Tengdamóðir mín, Helga Proppé, til heimilis að Álfaskeiði 18, Hafnarfirði, sat við hlið mér í framsæti. Við læknisrannsókn kom í ljós, að rifbein hafði brákast í henni. Drengur, 4 ára, sat í aftursæti. Hann slapp ómeiddur.

Ég hafði hlotið skrámur og mar í andlit, en er að jafna mig eðlilega á meiðslunum. Við fórum öll heim af slysavarðstofunni samdægurs“.

Hinn 14. desember 1972 kom stefnda Sigrún Júlíusdóttir aftur til rannsóknarlögreglunnar og gaf þá svofellda skýrslu:

„Ég nefndi í skýrslu minni bifreið, er ég sá koma á móti mér norðan Kringlumýrarbrautar. Er ég sá bifreiðina, var ég komin inn á gatnamótin og var að gæta að umferðinni á móti mér. Þá sá ég nefnda bifreið stoppaða á Kringlumýrarbrautinni á vinstri akreininni miðað við hennar akstursstefnu. Bifreiðin var með blikkandi stefnuljós til vinstri, sem sýndi, að ökumaðurinn ætlaði að beygja austur Miklubrautina. Ég var komin yfir gangbrautina á leið minni að gatnamótunum, er umferðarljósin skiptu frá grænu yfir á gult, og tel ég því, að ég hafi ekki átt að geta mætt bíl, er var á leið suður Kringlumýrarbraut, er ég var að beygja til vinstri, nema þeirri bifreið hefði verið ekið inn á gatnamótin á móti gulu eða rauðu ljósi.

Eina bifreiðin, sem ég sá þarna á Kringlumýrarbrautinni, er umtöluð bifreið, er stóð þarna norðan gatnamótanna með blikkandi stefnuljós á vinstri hlið“.

Stefnda Sigrún Júlíusdóttir bar við yfirheyrslu hér fyrir dómi, að hún myndi eftir bifreið, sem hafi verið á leiðinni norðan Kringlumýrarbrautar og með stefnuljós til vinstri, þannig að

stefnda Sigrún hafi talið, að sú bifreið ætlaði að beygja austur Miklubraut. Stefnda Sigrún mundi ekki nákvæmlega stöðu þeirrar bifreiðar, þ. e. hvort bifreiðin var komin inn á gatnamótin eða ekki, en kvaðst muna, að bifreiðin var kyrrstæð og með stefnuljós til vinstri. Stefnda Sigrún tók fram, að tvö ár séu liðin síðan óhapp þetta varð.

Þá er stefnda Sigrún var hér fyrir dómi, var lesin fyrir hana framburður hennar hjá rannsóknarlögreglu 28. nóvember og 14. desember 1972, og taldi hún þar rétt frá greint að öðru leyti en því, að hún taldi ólíklegt, að hún hafi verið á 25—30 km hraða, hún hafi giskað á þennan hraða, en þegar til þess sé litið, að hún hafi verið með bifreiðina í fyrsta gír, þá telji hún þennan hraða ólíklegan. Stefnda Sigrún sagði aðspurð, að hún hafi stöðvað við gatnamótin, þar sem aðrar bifreiðar voru á undan henni og þess vegna hafi hún verið með bifreiðina í fyrsta gír. Þá er hún var komin dálítið fram yfir gangbrautina og hafi séð bifreiðina, sem var með stefnuljósin til vinstri og áður er minnst á, en sú bifreið hafi verið kyrrstæð, þá hafi hún talið, að ekki gæti komið umferð úr akreininni, sem stöðvaða bifreiðin hafi komið úr. Þessa ályktun hafi hún dregið af því, að umferðarljósið á móti var þá gult.

Stefnda Sigrún sagði, að þá er hún var komin svo langt sem áreksturinn muni hafa orðið, muni ljósið hafa orðið rautt.

Stefndu Sigrúnu var sýndur uppdrátturinn á dskj. nr. 4, og taldi hún örina, sem merkt er E, sýna akstursstefnu hennar, er óhappið varð, og jafnframt örina, sem merkt er D á akstursstefnu bifreiðarinnar, sem ók á bifreið hennar.

Fyrir rannsóknarlögreglu í Hafnarfirði bar Helga Proppé, tengdamóðir stefndu Sigrúnar, að hún hafi verið farþegi í R bifreið, sem ekið var norður Kringlumýrarbraut. Bifreiðarstjórinn hafi hægt ferð bifreiðar við gatnamót Miklubrautar, en ekki geti hún gert sér grein fyrir, hvort bifreiðin stöðvaði alveg. Bifreiðinni hafi síðan verið ekið hægt áleiðis að hægri akrein Miklubrautar. Helga sagðist ekki hafa gert sér grein fyrir, hvað bifreiðin var komin langt, er áreksturinn varð, en hann hafi verið mjög harður. Helga kvaðst ekkert hafa meiðst, hún hafi ekki tekið eftir neinum ljósum.

Hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði var bókað, að Helga Proppé hafi séð ljósmyndir og uppdrátt af vettvangi og hafi hún sagst ekki hafa ástæðu til að halda annað en það sé allt rétt.

Framburður Helgu Proppé var ekki í skjölum málsins, þá er hún kom fyrir dóm til yfirheyrslu. En hér fyrir dómi bar hún, að hún hafi ekki ökuréttindi og hafi hún setið hugsunarlaust í bifreiðinni og hafi hún ekki tekið eftir umferðarljósum. Almennt geri hún það ekki að fylgjast með umferðarljósum, þá er hún er farþegi í bifreið. Helga Proppé sagði, að bifreiðinni, sem hún var í, hafi verið ekið mjög hægt, svo hafði áreksturinn orðið. Hún gat ekki áttað sig á því, hvaðan bifreiðin, sem lenti á bifreiðinni, sem hún var í, kom, og gat ekki upplýst um aðdröganda að þessu.

Fyrir rannsóknarlögreglu var Sævar Gunnarsson lögregluþjónn beðinn að gefa nánari skýringu á uppdrætti þeim, sem hann gerði á vettvangi, er bifreiðarnar R 32264 og J 04474 rákust á á mótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar miðvikudaginn 22. nóv. 1972. Sævar skýrði svo frá:

„Þarna á árekstursstaðnum voru engin hemla- eða hjólför eftir bifreiðarnar, er sýndu glögglega leið þeirra. Örvarnar eru settar á götuna til að sýna, hvaðan talið var, að ökutækin hefðu komið, en ekki, að þau sýni staðsetningu þeirra á götunni.

Á miðjum gatnamótunum, þar sem merkt er „C“ á uppdrættinum, var dreif af leir og mold, sem sjáanlega hafði nýlega komið þarna niður, en engin för voru þaðan að ökutækjunum, þar sem þau stóðu eftir áreksturinn, og því ekki neitt, sem benti á, að umræddur árekstur hefði orðið þarna, annað en ruslið á götunni“.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndi Samvinnu-tryggingar hafi samið við lögmann stefnanda um bætur fyrir bifreið stefnanda, J 04474, og hafi tryggingarfélagið greitt að fullu andvirði bifreiðarinnar að frádreginni fyrningu. Á sama hátt hafi stefndi Samvinnu-tryggingar greitt stefnanda bætur fyrir kaupmissi frá 22. nóvember 1972 til 8. janúar 1973, samtals kr. 210.000, sem hafi verið dregnar frá stefnukröfunni í máli þessu. Stefnandi hafi á þessum tíma haft 300 \$ á viku í kaup hjá Lockheed Aircraft Corporation á Keflavíkurflugvelli.

Samkvæmt framansögðu hafi stefndi Samvinnu-tryggingar g/t viðurkennt, að um 100% sök á slysinu hafi verið að ræða hjá ökumanni R 32264, enda virðist það eigi vafamál.

Frekari bætur en að framan greinir hafi stefndi Samvinnu-tryggingar eigi viljað greiða. Virðist það sjónarmið vera byggt á því, að stefndi Samvinnu-tryggingar hafi ekki viljað fallast á örorkumat það, sem stefnandi hafi fengið hjá Páli Sigurðssyni

lækni, en á því mati sé byggður útreikningur Þóris Bergssonar, cand. act., á örorkutjóni stefnanda.

Stefnandi telur stefndu bera solidariska ábyrgð á tjóni sínu, enda verði eigi um það deilt, að ökumaður R 32264 eigi einn sök á slysinu, en þá staðreynd hafi stefndi Samvinnutryggingar viðurkennt í verki, svo sem að framan greinir. Ástæðan fyrir því, að málshöfðun þessi hafi verið óhjákvæmileg, sé eingöngu sú ákvörðun stefnda Samvinnutrygginga að vilja ekki viðurkenna örorkumat Páls Sigurðssonar læknis, sem kröfugerð stefnanda sé byggð á. Stefndi Samvinnutryggingar hafi hins vegar viðurkennt bótaskyldu sína og falið lögmanni sínum að reka málið fyrir alla stefndu.

Við munnlegan málflutning var því lýst yfir af lögmanni stefnanda, að stefndi Samvinnutryggingar g/t hafi ekki með greiðslu sinni til stefnanda samið af sér rétt til að bera fyrir sig sakarskiptingu. En af hálfu stefnanda var kröfu stefndu um sakarskiptingu mótmælt. Þau mótmæli voru rökstudd með vísan til framburðar stefnanda um akstur hans og svo framburðar stefndu Sigrúnar um akstur hennar. Jafnframt voru mótmæli við kröfunni um sakarskiptingu rökstudd með vísan til 46. gr., 3. mgr., umferðarlaga svo og til dóms Hæstaréttar frá 18. febrúar 1974.

Dómkrafa stefndu er byggð á tveimur meginástæðum, annars vegar sök stefnanda, en hins vegar óraunhæfu mati á tjóni hans af völdum slyssins.

Leitt sé í ljós, að stefnandi hafi ekið óhæfilega hratt áleiðis yfir gatnamótin. Rök fyrir þeirri ályktun séu margþætt. Í fyrsta lagi beri að aka með fyllstu aðgæslu um öll gatnamót og áriðandi, að viðbúnaður sé til skyndistöðvunar. Í öðru lagi hafi verið sérstök ástæða til fyllstu aðgæslu í umræddu tilviki, þar sem vænta mátti ökutækja norður yfir gatnamótin í vinstri beygju, en útsýn fyrir bifreiðarstjóra norðan og sunnan Kringlumýrarbrautar hafi verið mjög byrgð vegna kyrrstæðrar bifreiðar, sem var í vinstri beygju í gatnamótunum og komið hafði norðan Kringlumýrarbraut. R 32264 var ekið framan við þessa bifreið, en J 04474 virðist hafa verið ekið fyrir aftan hana. Víst sé það, að stefnandi og stefnda Sigrún hafi hvorugt vitað um ferðir hins fyrir áreksturinn. Megi því segja, að þau hafi ekið blindandi um gatnamótin með tilliti til hvors annars. Í þriðja lagi séu verksummerki á árekstursstað og afleiðingar árekstursins órækar sannanir fyrir því, að bifreið stefnanda hafi verið ekið óhæfilega hratt. Í þessu sambandi er sérstaklega á það bent, að hér hafi ekki verið um

samakstur bifreiða að ræða, heldur áakstur, ef svo megi orða það. Hið mikla högg, sem tjónið hlaust af, hafi stafað að öllu leyti frá bifreið stefnanda.

Atvik bendi til þess, að stefnandi hafi verið að hraða ferð sinni sérstaklega til að ná yfir gatnamótin á grænu umferðarljósi. Líkur bendi til þess, að gult umferðarljós hafi verið kviknað, er hann ók inn á gatnamótin, eða jafnvel rautt. Sé því haldið fram, að stefnandi hafi átt að bíða norðan gatnamótanna vega umferðarljósanna. Þess sé að vænta, að málið skýrist að þessu leyti við yfirheyrslu.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að ástæðan fyrir því, að stefndi Samvinnutryggingar g/t greiddi stefnanda bætur, sem svöruðu til verðmætis bifreiðar stefnanda fyrir tjónið og atvinnutjón hans, meðan hann var óvinnufær eftir slysið, hafi verið, að mjög fast hafi verið sótt eftir bóttum, gagngert fyrir þessa tvo þætti í tjóni stefnanda, svo og jafnframt sökum þess, að stefnda Samvinnutryggingum g/t hafi þótt einsætt, að óbætt tjón stefnanda yrði það mikið eftir, að eigi yrði um ofgreiðslu bóta að ræða þrátt fyrir sakarskiptingu. Þá kunni það og að hafa ráðið einhverju um fyrirgreiðslu þá, sem stefnandi fékk hjá þessum stefnda, að stefndi Samvinnutryggingar g/t hafi á þessum tíma gert sér ákveðnar vonir um uppgjör heildartjóns stefnanda með samkomulagi utan réttar. Hvað sem um þetta sé, þá hafi stefndi Samvinnutryggingar g/t ekki afsalað sér nokkrum rétti til að bera fyrir sig sakarskiptingu. Og að því er aðra stefndu varðar, þá hafi þeim fram til þessa ekkert færi gefist á að taka afstöðu til kröfugerðar stefnanda, sem eðlilega sé farin að varða mjög hagsmunir þeirra, — um leið og krafa stefnanda sé komin yfir váttryggingarupphæð, svo sem raun sé á orðin.

Það sé því eindregin krafa allra stefndu, að sök verði skipt og allt að helmingur sakar verði lagður á stefnanda.

Við munnlegan málflytning gerði lögmaður stefndu kröfu um, að sök verði skipt til helminga og dómkröfur stefnanda lækkaðar bæði þess vegna og vegna þess, að tjón sé of hátt metið.

Sök stefnanda komi fram í hans eigin framburði á bls. 6 á dskj. 4, 45 km hraði sé hámarkshraði, en leyfður hámarkshraði sé leyfður við bestu skilyrði. Óhapp það, sem málið er af risið, hafi orðið við fjölfarin gatnamót í myrkri og séu það ekki bestu skilyrði. Ósannað sé, að stefnandi hafi hægt á sér, áður en hann ók inn á gatnamótin. Stefnandi hafi ekki séð bifreiðina R 32264, fyrr en hún var beint framundan. Áreksturinn hafi verið mjög

Frádráttur:

1. Greitt af Samvinnutryggingum vegna

tímabundinnar örorku:

a. Hinn 22. des. 1972 kr. 30.000

b. Hinn 6. febr. 1973 — 180.000 kr. 210.000

 Samtals kr. 3.226.916

Stefnandi byggir 1. lið í dómkröfu sinni á útreikningi Þóris Bergssonar, cand. act., á dskj. nr. 18, samanber örorkumat Páls Sigurðssonar læknis á dskj. nr. 17.

Í örorkumati Páls Sigurðssonar læknis, dags. 10. okt. 1973, segir svo:

„James Campell, tæknifræðingur, f. 14. sept. 1933, til heimilis að Einarsnesi 12 í Skerjafirði.

Samkvæmt upplýsingum, sem fyrir liggja, þá varð þessi maður fyrir slysi hinn 22. nóv. 1972. Hann hafði lent í bílslysi, verið fyrst fluttur á slysadeild Borgarspítala, en síðar á augndeild Landakotsspítala.

Það liggja fyrir vottorð frá Óla Birni Hannessyni, augnlækni, hið fyrra dags. 22/12 1972, hið síðara 12/5 1973, og þessi vottorð svohljóðandi:

„Varðandi James Campell, fæddur 14/9 1933, Sæviðarsundi 92, Reykjavík.

Ofangreindur sjúklingur var innlagður á St. Jósefsspítalann í Reykjavík frá 22. nóvember til 9. desember 1972 vegna perforandi skaða á vinstra auga.

Sjúklingur var innlagður acut af læknum Slysadeildar Borgarspítalans, eftir að hann hafði lent í bílslysi og hlotið mjög alvarlegan skaða á vinstra auga. Auk þess hlaut hann mörg skurðsár á enni, efri augnlok og nef, og voru þau sár saumuð á Slysavarðstofunni, og voru umbúðir um þau, er sjúklingur kom á spítalann.

Við komu fannst á vinstra auga stórt, tætt, flípalaga perforations sár, sem spannaði yfir efri temporalá fjórðung glæru, og var stór iris prolaps í öllu sárinu, einnig grynri sár í slímhúð augans. Þegar var gert að augnskaðanum við operations-microscop í svæfingu. Hægt var að reponera iris prolapsinum, og glærusárið þá saumað þétt með perlon þráðum, en síðan slímhúðarsárin saumuð með silki. Aðgerðin án complicationar.

Við útskrift leit vinstra auga vel út eftir aðstæðum. Sjónin hafði farið mikið batnandi, en var ennþá verulega skert. Augn-

þrýstingur eðlilegur. Perforations sárið vel gróið, og eru þræðirnir í glæru látnir vera um kyrrt. Auk þess gróið grunnt ör miðlægt á glæru. Slímhúðarsárin vel gróin. Aðeins vottur af innri bólgu. Ljósopið vel dilaterað, dálítið teygt upp á við til hliðar, þar sem sést rýrnun í litu. Augnsteinninn tær axialt. Augnspeglun eðlileg að sjá, engar blæðingar og engin einkenni um sjónlos.

Á hægri auga var sjón eðlileg og augnspeglun eðlileg.

Sjúklingur útskrifaðist til heimilis síns með ráðleggingu um algjöra hvíld og lokal meðferð í vinstra auga ásamt áframhaldandi eftirliti hjá augnlækni.

Í stuttu máli er hægt að segja á þessu stigi málsins, að um mjög alvarlegan augnskaða á vinstra auga var að ræða, post opertívt útlit er vel viðunandi, en ekki er hægt að segja um ennþá, hve mikil sjónin verður, þegar augnskaðinn er að fullu gróinn.

Kirurgisk skoðun (Sigurgeir Kjartansson) sýndi, að andlitssárin voru vel saumuð, tætt skurðsár, sem gréru eðlilega, en líklegt er talið, að það þarfnist frekari plastic kirurgiskar aðgerðar á þeim síðar“.

„12/5 1973.

Varðandi James Campell, fæddur 14/9 1933.

Sæviðarsundi 92, Reykjavík.

Samkvæmt beiðni yðar þann 24. apríl 1973 sendi ég hér með eftirfarandi lokavottorð.

Síðan sjúklingur útskrifaðist af augndeild St. Jósefsspítala í Reykjavík þann 9. des. 1972, hefur hann verið í reglubundnu eftirliti. Sjúkl. fór að vinna einum mánuði eftir útskrift, og var augnskaðinn þá gróinn, þræðir í glæru höfðu verið teknir, og local meðferð í vinstra auga var þá hætt. Sjúkl. hafði þá fulla sjón á vinstra auga með glerjum og fékk gleraugu. Fyrir einum mánuði síðan þurfti að breyta gleri fyrir vinstra auga. Nú er líðan sjúkl. góð.

Við síðustu skoðun þann 9. maí 1973 fannst:

hæ. tæplega 1.0 án glers; 1.0 (\div 0.5 cyl. 70°)

Sjón

vi. rúmlega 0.1 án glers; 1.0 (\div 0.5 sf. 2 \div 1.25 cyl. öx 105°).

Augnþrýstingur, hægri og vinstra auga: 12 mm applanations þrýstingsmæling.

Hægri auga: Smásjárskoðun og augnspeglun eðlileg.

Vinstra auga: Smásjárskoðun: Engin ytri eða innri bólga. Vel gróin ör á glæru. Ljósopið dál. teygt upp á við til hliðar, og þar

er rýrnun í litu, og virðist einnig vera þar samvöxtur yzt á milli litu og glæru. Augasteinninn eðlilegur. Augnspeglun: Eðlileg. Engin einkenni um sjónulos.

Þannig er augnskaðinn á vinstra auga nú að fullu gróinn. Örin líta vel út. Augnþrýstingur eðlilegur, engin sjáanleg einkenni um drermyndun eða sjónulos. Sjúkl. telur sig áður hafa séð jafnvel með hægra og vinstra auga. Nú er verulega skert sjón á vinstra auga án glers, en með glerjum er sjónin á auganu eðlileg. Sjúkl. hefur fengið gleraugu, sem honum líkar vel.

Óli Björn Hannesson, augnlæknir“.

Auk þess liggur fyrir vottorð Hauks Árnasonar lækni frá 29/12 1972, og er það vottorð svohljóðandi:

„Áverkavottorð.

Sj. James Campell, f. 14/9 1933, Sæviðarsundi 92, Rvík.

Hinn 22/11 1972, kl. 18.40, kom í Slysadeild Bsp. maður, sem kvaðst vera ofanskráður James B. Campell.

Hann greinir svo frá, að þá skömmu áður hafi hann lent í bílslysi á Miklubraut hér í bæ, er bifreið keyrði þvert í veg fyrir hann.

Við komu er sj. með fullri meðvitund. Hann getur greint nákvæmlega frá því, sem gerðist fyrir slysið og strax eftir það. Hann hefur ótal minni og stærri skurði á enni og niður á auga-brúnir. Sumir skurðirnir ná ekki fyllilega í gegnum húð, en aðrir eru algerlega í gegnum húð og sitja stærri og minni glerflísar í mörgum sáranna. Ofanskráð sár voru hreinsuð eftir mætti í staðdeygingu af þeim glerflísunum, sem fundust, og síðan voru sárin saumuð. Við athugun á vinstra auga sést sár framan á cornea (hornhimnu), og er litan undir þessu sári dregin út til hliðarinnar. Sennilegt þótti, að áður nefnt sár á hornhimnu næði í gegn og væri því gat á auganu (perforatio bulbus oculi). Var því þegar haft samband við vakthafandi lækni á augndeild Landakotsspítala, Óla Björn Hannesson, og taldi hann einnig, að sennilegt væri, að augað væri perforerað og því rétt að flytja sj. yfir á Landakotsspítala, eftir að gert hafði verið að öðrum sárum hans, til að hægt væri að rannsaka augað nánar. Áður en sj. var færður á Landakotsspítala, var gerð röntgenrannsókn á andlitsbeinum, en á þeim myndum komu ekki fram einkenni um brot á beinum.

Að ofanskráðum rannsóknum loknum var sj. fluttur í sjúkrahúsið á Landakotsspítala til frekari rannsókna og meðferðar vegna augnáverka á vinstra auga. Haukur Árnason, læknir“.

Maðurinn kom til viðtals hjá undirrituðum hinn 28/8 1973. Hann skýrir frá slysinu eins og fram kemur hér að framan. Hann kveðst hafa verið frá vinnu alveg 1½ mánuð eftir slysið. Hann notaði ekki gleraugu fyrir slysið og er talinn hafa haft fulla sjón á báðum augum, en hann þarf nú að nota gleraugu að staðaldri.

Núverandi óþægindi: Kvartar um höfuðverkjarköst. Kvartar um stirðleika í húð á enni og milli augna og óþægindi af því að þurfa að nota gleraugu við vinnu.

Skoðun: Maðurinn kemur eðlilega fyrir og skýrir greinilega frá málavöxtum. Um augnskoðun vísast til vottorða augnlæknis. Það eru vel gróin ör á enni, yfir augabrúnum og einkum milli augnanna og niður á nefrótina.

Ályktun: Hér er um að ræða fertugan mann, sem slasaðist í bifreiðarslysi fyrir tæplega einu ári. Við slysið hlaut hann skurði á enni og sköddun á vinstra auga, sem hefur haft þær afleiðingar, að sjón á auganu er 0.1 án glers, en 1.0 með gleraugum.

Áberandi ör eru á enni yfir augabrúnum og milli augna.

Vegna slyssins verður að telja, að maðurinn hafi hlotið tíma-bundna og varanlega örorku, sem telst hæfilega metin þannig:

Í 1 mánuð	100%	örorka
Í 1 mánuð	75%	—
Í 2 mánuði	50%	—
Í 2 mánuði	25%	—
Og síðan varanleg örorka 15%“.		

Páll Sigurðsson læknir kom fyrir dóm og svaraði spurningum lögmanns stefndu vegna örorkumatsins. Páll Sigurðsson bar, að 15% örorkan, sem metin var, byggist á vottorði augnlæknis, sem segi, hve mikla sjón stefnandi hafi misst. Það, að nota gleraugu eða ekki, sé ákvörðun stefnanda. Matið byggist ekki á möguleikum stefnanda til tekjuöflunar. Við matið sé höfð hliðsjón af reglum um örorkumat.

Mat þetta eigi ekki við þennan slasaða mann sérstaklega, þ. e. annar maður með sömu sköddun hefði verið metinn með jafnmikla örorku. Ekkert örorkumat geti verið alveg „concret“. Matið hljóti að vera að einhverju leyti „subjectivt“ mat þess, sem metur. Í vottorði augnlæknisins, sem örorkumatið byggist á, sé sjón stefnanda á vinstra auga talin rúmlega 0.1. Hefði staðið í vottorðinu, að sjónin væri 0.1, þá sagðist læknirinn hafa metið örorkuna 18%, en vegna þess, að þarna stóð rúmlega, hafi hann talið

rétt að meta örorkuna 15%. Sjónleysi á öðru auga sé eftir þeim töflum, sem stuðst sé við hér á landi, metið 20%. Annar læknir mundi með sömu gögnum og hann hafði, hafa getað metið örorku stefnanda 18%.

Læknirinn sagði, að í örorkumatinu sé ekki tekið tillit til lýta stefnanda.

Í örorkutjónsútreikningi Þóris Bergssonar, cand. act., dags. 29. okt. 1973, segir m. a. svo:

„James Campell er bandarískur tæknifræðingur og starfar hjá Lockheed-California Company sem slíkur hér á Íslandi. Samkvæmt upplýsingum, sem þér hafið veitt mér, voru laun hans á slysdegi \$ 293.33 á viku, þegar slysið varð. 1. júní 1973 var 2.4% hækkun á launum í \$ 300.49 á viku. Ég mun byggja tekjuáætlun mína á þessum upplýsingum og umreikna dollarana yfir í íslenskar krónur samkvæmt því kaupgengi, sem hefur gilt fyrir bandaríska dollara frá slysdegi og til útreikningsdags.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að varanlega tapið sé 15% af áætluðum vinnutekjum frá slysdegi, en tíma- bundna tapið sé sá hundraðshluti af þeim, sem örorkumat læknis- ins segir til um, að frádregnum 15%:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap. Tímabundið:	Varanlegt:
1. árið eftir slysið kr.	1.408.056.00	kr. 287.550.00	kr. 211.208.00
Síðan árlega . . .	— 1.306.290.00		— 195.943.00

Verðmæti vinnutekjutaps.

Verðmæti þessara vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 283.022.00
Vegna varanlegrar örorku	— 2.338.259.00

Samtals kr. 2.621.281.00

Frádráttur.

Ekki hefur verið athugað, hver eðlileg lækkun á verðmæti vinnutekjutaps er eða hvort hún á að vera einhver. Ég þekki ekki bandarísk skattalög og veit heldur ekki, hvort nota beri þau í þessu tilviki.

Reiknigrundvöllur.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur ís-

lenskra karla samkvæmt reynslu áráanna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.

Þótt Campell sé Bandaríkjamaður, hef ég notað þann reikni-grundvöll, sem venjulega er notaður í tjónamállum Íslendinga, og tel, að í þessu tilviki geti ekki skakkað miklu“.

Við munnlegan málflutning voru kröfur stefnanda samkvæmt þessum lið rökstuddar með vísan til vottorðs Óla Björns Hannessonar augnlæknis, örorkumats Páls Sigurðssonar læknis og örorkutjónsútreiknings Þóris Bergssonar, cand. act., en örorkutjónsútreikningurinn muni ekki tölulega vefengdur af hálfu stefndu, heldur muni það vera örorkumatið, sem er vefengt.

Eftir slysið hafi stefnandi rúml. 0.1 sjón á vinstra auga. Það, að Páll Sigurðsson læknir meti örorku stefnanda 15%, sé eðlilegt og í samræmi við venju. Með úrskurði 6/1971 slái Læknaráð því föstu, að svona mat sé eðlilegt. Það, að hægt sé að lappa upp á sjón með gleraugnanotkun, skipti ekki máli um mat á örorku.

Ekki skipti máli, að tekjur stefnanda hafi ekki minnkað eftir slysið, en afleiðingar slyssins séu skert aflahæfi stefnanda, án gleraugna sjái stefnandi nánast ekki neitt.

Af hálfu stefnanda var vakin athygli á því, að örorkutjónsútreikningurinn sé frá 29. okt. 1973, en síðan hafi orðið gengislækkun, sem verki til hækkunar á tjón stefnanda, reiknað í ísl. krónum.

Hæpið sé að beita sömu reglum og venjulega um frádrátt vegna skattfrelsisins, þar sem stefnandi greiði ekki skatt af tekjum sínum.

Af hálfu stefndu eru eftirfarandi mótmæli höfð uppi gagnvart hinum einstöku liðum í dómkröfu stefnanda:

Um 1. Stefnandi hafi verið fluttur á slysavarðstofuna á Borgarspítalanum af slysstað. Þaðan hafi hann þegar verið sendur í hendur augnlæknis á Landakotsspítala. Læknir þessi, Óli Björn Hannesson, hafi gefið út tvö vottorð um meiðsli stefnanda. Í hinu fyrra á dskj. nr. 10, dags. 22. desember 1972, segi m. a., að um hafi verið að ræða mjög alvarlegan skaða á vinstra auga og mörg skurðsár á enni, efra augnloki og nefi. Gert hafi verið að öðrum sárum en á auganu á slysavarðstofunni. Á því hafi verið gerð skurðaðgerð í Landakotsspítala. Við útskrift slasaða hafi augað litið vel út eftir atvikum. Sjón á auganu hafi þá farið mikið batnandi, en var þó ennþá verulega skert. Augnspeglun reyndist þá eðlileg, engar blæðingar og engin einkenni um sjónulos. Ekki var þá hægt að segja til um endanlegar afleiðingar.

Í vottorði sama lækni, dags. 12. maí, á dskj. nr. 7 (mun eiga að vera dags. 12. maí 1973, á dskj. nr. 17) segir, að slasaði hafi til þess tíma verið í reglubundnu eftirliti. Hann hafi byrjað að vinna einum mánuði eftir útskrift. Sjúklingurinn hafi þá haft fulla sjón á vinstra auga með glerjum og hafi fengið gleraugu. Líðan hans sé góð. Í niðurlagi vottorðsins segir orðrétt á þessa leið:

„Þannig er augnskaðinn á vinstra auga nú að fullu gróinn. Örin líta vel út. Augnþrýstingur eðlilegur, engin sjáanleg einkenni um drermyndun eða sjónulos. Sjúkl. telur sig áður hafa séð jafnvel með hæggra og vinstra auga. Nú er verulega skert sjón á vinstra auga án glers, en með glerjum er sjónin á auganu eðlileg. Sjúkl. hefur fengið gleraugu, sem honum líkar vel“.

Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri hafi framkvæmt mat á örorku stefnanda af völdum slyssins. Sé mat þetta dags. 10. október 1973, dskj. nr. 17. Þar segi neðst á blaðsíðu 3, að slasaði hafi komið til viðtals hjá ráðuneytisstjóranum 28. ágúst sl. og tjáð honum, að hann hafi verið alveg frá vinnu í einn og hálfan mánuð eftir slysið. Hann hafi ekki notað gleraugu fyrir slysið, en nú þurfi hann þeirra við að staðaldri. Hann sé talinn hafa haft fulla sjón á báðum augum fyrir slysið. Óþægindi mannsins séu þau, er skoðun fór fram, að hann kvarti um stirðleika í húð á enni og milli augna og óþægindi af því að þurfa að nota gleraugu við vinnu. Skoðun á manninum leiði í ljós, að vel gróin ör séu á enni, yfir augabrúnum og einkum milli augnanna og niður á nefrótina. Þess sé getið, að örin séu áberandi. Síðan sé örorkan metin 100% í einn mánuð, 75% í annan, 50% í tvo mánuði, 25% í tvo mánuði og eftir það 15% varanleg örorka.

Það fari ekki milli mála, að örorkumat þetta sé út í hött sem sönnunargagn um skerta starfsorku slasaða, því að mjög glögg komi fram í fyrr röktum vottorðum augnlæknisins, sem fjallaði um augnmeiðsli slasaða, að hann haldi fullri sjón á vinstra auga með því að nota gleraugu. Það sé því auðsætt, að stefnandi haldi til fulls óskertum möguleikum sínum til tekjuöflunar, hvort heldur miðað sé við núverandi starf sem tæknifræðingur hjá flugfélagi eða yfirleitt hver önnur störf, sem slasaði kynni að velja sér eftirleiðis. Hinar einu afleiðingar slyssins í bótalegu tilliti séu ófjárhagslegar, þegar frá sé talið vinnutap í einn og hálfan mánuð fyrst eftir slysið, og séu þær afleiðingar að mestu tengdar lýtum í andliti, nokkrum óþægindum, sem gera megí ráð fyrir, að fari minnkandi, og svo röskun samfara sjónmissi, sem þó gæti ein-

ungis án glerja. Það sé fjarri lagi og andstætt meginreglum bóta-
réttar, að sjónmissir geti orðið grundvöllur örorku, sé hægt að
yfirvinna hann að öllu með notkun gleraugna. Tjónþoli verði ein-
att að sæta tiltækum og almennt viðurkenndum úrræðum til að
draga úr eða upphefja afleiðingar meiðsla, enda sé slíkt ekki
síður í þágu hans sjálfs en þess, sem sóttur sé til fébótaábyrgðar
á tjóni hans. Notkun gleraugna sé eitt slíkra úrræða og hafi raunar
þá sérstöðu, að þar sé um svo algengt læknisfræðilegt úrræði að
ræða, að undantekning sé, ef menn um fertugt og þar yfir þurfi
ekki slíks við (stefnandi hafi verið 39 ára á slysdagi). Eigi það
ekki hvað sist við um menn, sem gegni áþekku starfi og slasaði.
Að sjálfsögðu fylgi því ávallt einhver tímabundin óþægindi að
taka upp notkun gleraugna, en þau óþægindi gangi mjög fljótt
yfir.

Hið svokallaða örorkumat, sem hér liggja fyrir, sé því alls eng-
inn mælikvarði á skerta starfsorku, svo sem því beri að vera í
máli sem þessu. Það sé einhver annars konar röskun en skerðing
starfsorku, alveg ófjárhagslegs eðlis, sem sé grundvöllur þess. Slík
röskun sé einfaldlega ekki bótaskyld að reglum skaðabótaréttar
um fjárhagslegt tjón. Hér sé því um örorkumat að ræða, sem sé
annarlegt í lögfræðilegum skilningi. Það vanti haldbærar for-
sendur. Fyrir þessa sök verði að hafna þessu mati og láta við það
sitja að bæta stefnanda atvinnutjón hans, meðan hann missti af
launum vegna tímabundinnar örorku sinnar, en það hafi þegar
verið gert, og raunar betur. Stefnandi eigi hins vegar rétt á bót-
um fyrir þjáningar og lýti.

Um 2. Hér sé um marga kostnaðarliði að ræða. Þeir séu ekki
vefengdir nema kostnaður vegna örorkumats og örorkuútreikn-
ings. Þeim liðum sé mótmælt sem stefnda óviðkomandi. Um þau
mótmæli vísist til framangreindra röksemda.

Um 3. Þessum kröfulið er mótmælt sem allt of háum. Stefnandi
eigi rétt til slíkra bóta, sem hér sé krafist, en tjón hans samkvæmt
þessum lið geti aldrei orðið metið nema brot þeirrar upphæðar,
sem krafist sé.

Lögð er áhersla á það, að þegar greiddar bætur til stefnanda
beri að skoða sem greiðslu upp í heildartjón hans vegna slyssins,
en ekki sem fullnaðarbætur á einangruðum þætti tjóns hans, þó
að slíkur þáttur hafi verið hafður sérstaklega í huga, þegar greiðsl-
ur voru inntar af hendi. Lögð er áhersla á það, að stefnandi verði
við mat á tjóni sínu að sæta hérlendum aðstæðum, reglum og
venjum. Í því felist m. a., að gera beri hefðbundinn frádrátt við

mat á atvinnutjóni vegna hagræðis af eingreiðslu og skattfríðindum.

Rétt þykir að fjalla sameiginlega um liði 1 og 3 í dómkröfu stefnanda. Við ákvörðun bóta þessara þykir mega hafa hliðsjón af örorkumati Páls Sigurðssonar læknis, enda hefur því ekki verið hnekkt. Samkvæmt framburði læknisins byggist örorkumatið ekki á möguleikum stefnanda til tekjuöflunar, heldur byggist það á því, hve mikla sjón stefnandi hefur misst. Í málinu er ekki tekið tillit til lýta stefnanda. Þegar örorkumatið er skoðað svo og grein Páls Sigurðssonar læknis í Tímariti lögfræðinga, 2. hefti 1972, verður að telja, að lækni­rinn taki að einhverju leyti einnig tillit til miska stefnanda, þá er hann metur örorku hans.

Gegn andmælum stefndu þykir ekki verða fram hjá því litið, að með því að nota gleraugu getur stefnandi dregið mjög úr afleiðingum slyssins. Með gleraugum hefur stefnandi eðlilega sjón, og þá sjást ekki örin í andliti hans.

Með þessar staðreyndir í huga og með tilliti til annarra þeirra gagna, sem fyrir liggja í málinu, svo og með hliðsjón af öðrum atriðum, sem hafa ber í huga samkvæmt dómvenju við ákvörðun bóta sem þessara, þykir tjón stefnanda vegna örorku og miska hæfilega metið kr. 1.400.000, og hefur þá verið dregin frá greiðsla stefnda Samvinnutrygginga g/t vegna tímabundinnar örorku, kr. 210.000.

Í lið 2 í dómkröfu stefnanda eru 5 kostnaðarliðir, samtals að fjárhæð kr. 15.635, sem teljast til málskostnaðar.

Samkvæmt framanrituðu ber stefndu að greiða stefnanda kr. 1.400.000 með vöxtum eins og krafist er.

Málskostnaður, þar með talinn útlagður kostnaður, telst hæfilega ákveðinn kr. 244.000.

Dóminn kvað upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, Samvinnutryggingar g/t, Vésteinn Lúðvíksson og Sigrún Júlíusdóttir, greiði in solidum stefnanda, James Bardin Campell, kr. 1.400.000 með 7% ársvöxtum frá 22. nóvember 1972 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 244.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.